



Icelandic Museum
of Natural History

Brynjólfsgata 5
IS-107 Reykjavík

S./Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Náttúra, söfn og miðlun: mikilvægi rannsókna á sviði náttúrufræða í safnageiranum

Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður

Málþing á vegum Safnaráðs um rannsóknir safna –
Þjóðminjasafn Íslands – 6. nóvember 2014

SÖFN: GEFNAR FORSENDUR & STAÐREYNDIR



- ✓ Fólk er fróðleiksfúst og þyrstir í upplýsingar, áreiðanlegar og skemmtilegar, til að takast á við lífið og njóta þess
- ✓ Söfn eru vinsælir fróðleiksbrunnar og þekkingarmiðlarar sem svara fróðleikspörsta manna. Mikil gróska í safnastarfi á Íslandi og söfn fjölmörg út um allt land. Ár hvert heimsækja fleiri hundruð þúsund gestir íslensk söfn
- ✓ Söfn og safnafræðsla eru snar þáttur í íslenskri menningu og gegna veigamiklu hlutverki í (óformlegu) menntakerfi landsins
- ✓ Rannsóknir með vísindalegri/vandaða aðferðarfræði að leiðarljósi eru forsenda áreiðanlegrar þekkingar og upplýsinga. Upplýsingarnar og þekkinguna verður stöðugt að endurnýja og uppfæra í ljósi breyttra aðstæðna – ella daga söfnin uppi sem úrehtar stofnanir og nátttröll

NÁTTÚRA: GEFNAR FORSENDUR & STAÐREYNDIR



- ✓ Náttúra mjög áberandi á Íslandi – lítt og ósnortin víðerni umfangsmikil, með því mesta sem þekktist í Evrópu (40.000–60.000 km²)
- ✓ Jarðfræðileg sérstaða mikil – flekaskil, ungar jarðmyndanir, hraun, eldur og ís, ríkar ferskvatnsauðlindir, stöðuvötn, straumvötn og fossafjöld
- ✓ Fremur fára tegundir lífvera – mótast af ungum aldri landsins og fjarlægð frá meginlöndum – en stofnar stórir, ábyrgðartegundir, og breytileiki innan tegunda meðal sumra lífverahópa meiri en víða annars staðar
- ✓ Efnahagslegar undirstöður samfélagsins hvíla á nýtingu villtrar náttúru/auðlinda:
 - Fiskveiðar – Sjávarútvegur
 - Vatnsafl og jarðvarmi – Þungaiðnaður
 - Landslag og ásýnd náttúru – Ferðaþjónustan

Lög nr. 35/2007 um Náttúruminjasafn Íslands

„**2. gr.** Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmíðla og almennings. **Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu.**

Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.

3. gr. Náttúrufræðistofnun Íslands er vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins. Stofnanirnar skulu hafa með sér náðið samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.

Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands er ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess.“

Safnalög nr. 141/2011

3 gr. Hlutverk safna.

„Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknnum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruaríslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

8. gr. Höfuðsöfn.

...„Safnkostur höfuðsafna skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skal jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.“..

V. kafli. Viðurkennd söfn og starfsemi þeirra.

14. gr. Starfsemi.

...„Þau eru opin almenningi og safna, varðveita, rannsaka og miðla því sem er til vitnis um manninn, sögu hans og menningu, náttúru og umhverfi í nafni samfélagsins og til framgangs þess.

Söfn skulu leitast við að efla faglegt starf á sínu sviði og standast lágmarkskröfur um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og miðlun. “....

Tímaritið **NÁTTÚRUFRAÐINGURINN**

Samstarf NMSÍ um útgáfu við Hið íslenska náttúrufræðifélag (HÍN, www.hin.is)
+ Heimasíða og aðgangur að gagnsöfnum á www

Náttúrufræðingurinn, félagsrit HÍN 1931-2013, en samstarf um útgáfu við Náttúruminjasafnið frá 2014.

Náttúruminjasafnið er afsprengi HÍN (stofnað 1889), líkt og Náttúrufræðistofnun Íslands.


Náttúrufræðingurinn, **alþýðlegt fræðslurit um náttúrufræði, ritað á mannamáli**. Ritrynt + annað. Skráð í EBSCOhost, ProQuest og er í Web of Science (ISI)-ferli.

Margar greinar fjalla um niðurstöður rannsókna sem hvergi eru birtar annars staðar.



FJÁRHAGSLEGIR BURÐIR?

Staða Náttúruminjasafns Íslands er afar erfið og lökust meðal höfuðsafnanna þriggja



Framlög til NMSÍ árin 2008–2015 eru 21–31 m.kr.

10x minna en framlög til Listasafns Íslands og 20x minna en til Þjóðminjasafns Íslands.

Hallar fremur undan fæti hjá NMSÍ ($r = -0,450$, $P > 0,05$) en marktæk aukning hjá Listasafni Íslands ($r = 0,725$, $P < 0,02$).

- Þjóðminjasafn Íslands
- Listasafn Íslands
- Náttúruminjasafn Íslands

NEYÐIN KENNIR NAKTRI....

....að starfa saman, byggja brýr og tengja fög...



Náttúruminjasafnið hefur til umræða gott skrifstofurými í Loftskæptastöðinni á Melunum, Brynjólfsgötu 5. 280 m², 9 herbergi/rými fyrir allt að 12 manns.

Vöruskipti: NMSÍ býður samstarfsaðilum húsnæði og skrifstofuþjónustu endurgjaldslaust gegn notkun á efniviði sem samstarfsaðilar í sameiginlegum verkefnum vinna að.

Samstarfsaðilar um rannsóknir og verkefni: Hólaskóli, Háskólinn á Hólum
Háskóli Íslands
RORUM ehf.

RANNSÓKNIR

Heiti verkefnis: LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ Á ÍSLANDI

Samstarfsaðili: Hólaskóli, Háskólinn á Hólum,

Verkefnisstjóri: próf. Skúli Skúlason

Markmið: rannsaka á grundvelli fyrirliggjandi gagna gerð og eðli líffræðilegs fjölbreytileika á Íslandi í vistfræðilegu samhengi.

Líffræðileg fjölbreytni: breytileiki í svipfari, arfgerð, lífsháttum og lífsögupáttum meðal tegunda og innan þeirra.

Rannsóknin nær til jurta, hryggleysingja og hryggdýra með áherslu á fiska, fugla og spendýr.

Fyrirliggjandi gögn taka til ritaðra heimilda og rafrænna gagnasafna.

Verklok og afrakstur: 2017/e-skýrslur, greinar o.fl.

Dvergbleikja



Kuðungableikja



Murta



Síllaleikja



Heiti verkefnis: (ROSTUNGAR VIÐ ÍSLAND FYRR Á ÖLDUM)

Samstarfsaðili: Háskóli Íslands (Jarðvísindadeild og Líf- og umhverfisvísindadeild), Fornleifafræðistofan o.fl.

Verkefnisstjórar: dr. Hreggviður Norðdahl, dr. Árný Sveinbjörnsdóttir, dr. Bjarni Einarsson, dr. Arnar Pálsson, dr. Hilmar J. Malmquist

Markmið 1: rannsaka jarðfræði og jarðsögu í landi Barðastaða, Snæfellsnesi, í tengslum við fornlíffræði staðarins (margir fundir hvala- og rostungsbeina).

Markmið 2: rannsaka fornlíffræði rostunga við Ísland á grundvelli fyrirliggjandi gagnasafns (n = 53, elsta sýni frá 1884) m.t.t. sviþfars, aldurs og aDNA. Samanburður við erlend gagnasöfn frá N-Atlantshafi.

Verklok og afrakstur: 2017–18/2–3 MSc-verkefni við HÍ., greinar, sýningar o.fl.



Örn Erlendsson, forstjóri Triton ehf., og Guðmundur G. Þórarinnsson, fyrrv. alþingsmaður og verkfræðingur, færa forstöðumanni NMSÍ að gjöf rostungsbein frá Barðastöðum, Snæfellsnesi. 26.10.2013.

RANNSÓKNIR



Heiti verkefnis: (GÖGN Í SÖFNUM – GAGNAST SÖFN?)

Samstarfsaðili: Háskóli Íslands (Félags- og mannvísindadeild, Safnafræði) o.fl.

Verkefnisstjórar: dr. Sigurjón Baldur Hafsteinsson, dr. Guðrún Dröfn Whitehead, dr. Hilmar J. Malmquist

Verkefni 1: Innleiðing/þróun samræmds skráningakerfis á náttúrufræðigögnum á landsvísu. Sarpur eða e-ð annað? Innleiðing og notkun á gagnagáttum.

Verkefni 2: Þróun og gerð kennslu- og fræðsluefnis á vegum náttúrufræðisafna.

Verkefni 3: Varðveisla náttúrumuna – sértæk greining á stöðu mála og hvar úrbóta er þörf.

Verklok og afrakstur: 2017–18/2–3 MSc-verkefni við HÍ., greinar, sýningar o.fl.



RANNSÓKNIR

Heiti verkefnis: (ÞÖRUNGAR, KRABBAR OG RAFRÆN SKRÁNING)

Samstarfsaðili: RORUM ehf., Náttúrufræðistofa Kópavogs o.fl.

*Sérfræðingar: Guðmundur Víðir Guðmunds. MSc.,
dr. Gunnar Steinn Jónsson, dr. Þorleifur Eiríksson.*

Verkefni 1: Rannsókn á flokkunarfræði botnkrabbadýra á djúpsævi við sunnanvert Ísland. Vinna og tiltekt í Senckenberg-votsýnasafni NMSÍ (IceAGE-verkefni).

Verkefni 2: a) Rannsókn og tiltekt á flokkunarfræði ferskvatnspörunga – þurr- og votsýni í fórum Náttúrufræðistofnun Íslands. b) rannsókn á kísilþörungum í Blávatni og Þingvallavatni. Samstarf við Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Verkefni 3: Stöðumat og ráðgjöf um framtíð rafrænnar gagnaskráningar, vörslu og miðlun rafrænna gagna á vegum NMSÍ.

Verklok og afrakstur: 2016–2018/e-skýrslur, greinar o.fl.



ÓPLÆGÐUR AKUR!



Hvar er helst þörf rannsókna meðal náttúrufræðisafna?

- ✓ Tengsl náttúru og menningarsögu
 - Íslensk tunga og náttúra
 - Gögn, söfn og verk náttúrufræðinga fyrri tíma
 - Hlunnindi og náttúra
 - Útflutningur og náttúruminjar
- ✓ Möguleikar á nýtingu safnkosts og sérfræðipækkingu starfsfólks til náttúrufræðslukennslu, jafnt úti sem inni.
- ✓ Hver er þáttur náttúruverndar (sjálfbærrar umgengni við náttúruauðlindir) í íslenska hagkerfinu?
- ✓ Tengsl náttúru og ferðaþjónustu. Þáttur náttúrufræðisafna?
- ✓ Þróun rafrænnar gagnaskráningar og miðlunar á gögnum og þekkingu. Hvernig eflum við almenna, gagnavirka þátttöku?

SAMANTEKT



- ✓ Söfn eru mikilvægir fróðleiks- og þekkingabrunnar sem miðla upplýsingum um náttúru, menningu, sögu og umhverfi til samfélagsins
- ✓ Rannsóknir safna á sviði náttúrufræða eru grundvallarforsenda fyrir viðhaldi, endurnýjun og nýsköpun þekkingar og þar með miðlunar
- ✓ Sérstækar rannsóknir á sviði náttúrufræðisafna eru að slíta barnsskónum og mikið verk framundan – ekki síst er varðar náttúrusögu, náttúrufræðikennslu og náttúruvernd
- ✓ Ein leið til að styrkja rannsóknir í starfi náttúrufræðisafna er að stjórnvöld veiti höfuðsafninu, Náttúruminjasafni Íslands, lágmarksfjárheimildir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

TAKK FYRIR!